

Ásahreppur  
Laugalandi  
851 Hella

Reykjavík, 14. júlí 2023  
UST202307-059/B.S.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Búðarhálsvirkjun – Ásahreppur**

Vísað er til erindis Ásahrepps dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Búðarhálsstöðvar sem áður náði einnig yfir Hrauneyjafossstöð. Felldar eru út námur sem fóru undir Sporðöldulón og gert verður nýtt deiliskipulag fyrir Hrauneyjar. Engar nýjar framkvæmdir eða mannvirki verða heimiluð á nýju deiliskipulagssvæði Búðarhálsvirkjunar.

Hér er verið að uppfæra og skilgreina nánar hverja virkjun fyrir sig.

### **Vatnaáætlun**

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Pungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa

gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**